

RÍKISENDURSKOÐUN

Íslandspóstur ohf.

Eftirfylgni 2022



Janúar 2023

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Samantekt og niðurstöður	4
Íslandspóstur ohf.....	5
Úrbótatillögur í skýrslu Ríkisendurskoðunar frá 2019 og viðbrögð.....	5

Inngangur

Í samræmi við viðurkennda endurskoðunarstaðla fyrir opinbera aðila fylgir Ríkisendurskoðun eftir niðurstöðum stjórnsluúttekta sinna eftir því sem við á, sbr. 9. gr. laga nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga. Tilgangur slíkrar eftirfylgni er að kanna hvort þeir annmarkar sem úttektir hafa leitt í ljós séu enn til staðar og hvort tillögur ríkisendurskoðanda til úrbóta hafi náð fram að ganga.

Samantekt og niðurstöður

Skýrslan var unnin að beiðni fjárlaganefndar Alþings um úttekt á tilteknum fjárhagslegum þáttum í starfsemi Íslandspóstshf. Óskaði nefndin sérstaklega eftir að kannað yrði hvort aðgreining samkeppnisrekstrar og einkaréttar hafi verið með fullnægjandi hætti; hver væri rót fjárhagsvanda félagsins og loks hver sé framtíðarsýn þess. Tilfni beiðninnar má rekja til þess að stjórn Íslandspóstshf. leitaði um mitt ár 2018 til fjármála- og efnahagaráðuneytis um aðstoð til að mæta fyrirsjáanlegum greiðsluvanda.

Lagðar voru fram fjórar tillögur til úrbóta. Þær voru á ábyrgðarsviði Íslandspóstshf., fjármála- og efnahagsráðuneytis og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis (nú innviðaráðuneyti). Þær sneru að því að tryggja þyrfti rekstrargrundvöll Íslandspóstshf. til lengri tíma, móta sérstaka eigandastefnu fyrir félagið, efla eftirlit og að ráðast í frekari hagræðingaraðgerðir.

Brugðist hefur verið við flestum ábendingum Ríkisendurskoðunar frá árinu 2019, þó í mismiklum mæli. Íslandspóstur ohf. hefur, með stuðningi fjármála- og efnahagsráðuneytis, gripið til yfirgripsmikilla hagræðingaraðgerða sem hafa skilað mun betri rekstrarniðurstöðu en enn er talsverð óvissa og áhætta í rekstri félagsins, einkum vegna fækkunar bréfa. Í stað þjónustusamnings var Íslandspóstur ohf. útnefndur alþjónustuaðili pósthjónustu á Íslandi (2021–30) sem tryggir réttindi og skyldur félagsins. Fjármála- og efnahagsráðuneyti sér ekki ástæðu til þess að setja félaginu sérstaka eigandastefnu og vísar til almennrar eigandastefnu ríkisins fyrir félög í eigu ríkisins frá árinu 2021. Ekki er ástæða til þess að ítreka frekar ábendingar Ríkisendurskoðunar frá árinu 2019.

Íslandspóstur ohf.

Í skýrslunni [Íslandspóstur ohf.](#) (september 2019) fjallaði Ríkisendurskoðun að beiðni fjárlaganefndar Alpings um tiltekna fjárhagslega þætti í starfsemi Íslandspósts ohf. Óskaði nefndin sérstaklega eftir að eftirfarandi þættir yrðu kannaðir:

- ✓ hvort aðgreining samkeppnisrekstrar og einkaréttar hafi verið með fullnægjandi hætti,
- ✓ hver rót fjárhagsvanda félagsins sé að mati ríkisendurskoðanda og loks
- ✓ hver sé framtíðarsýn þess

Tilfni beiðinnar má rekja til þess að stjórn Íslandspóst ohf. leitaði um mitt ár 2018 til fjármála- og efnahagaráðuneytis um aðstoð til að mæta fyrirsjáanlegum greiðsluvanda. Haustið 2018 var tilkynnt að ríkið myndi veita félaginu allt að 1,5 ma. kr. lán eða framlag vegna lausafjávanda. Alþingi samþykkti með fjárukalögum 2018 að veita félaginu allt að 500 m.kr. lán með ákveðnum skilyrðum og í fjárlög 2019 var bætt við ákvæðum um heimild til að endurlána félaginu allt að 1,5 ma. kr. og leggja því til aukið hlutafé. Í umsögn ríkisendurskoðanda um frumvarp til fjárukalaga var bent á að óheppilegt væri að ekki lægi nánar fyrir hvernig fyrirhugað væri að taka á rekstrarvanda félagsins.

Úrbótatillögur í skýrslu Ríkisendurskoðunar frá 2019 og viðbrögð

Ríkisendurskoðandi varð við beiðni fjárlaganefndar og skilaði skýrslu í júní árið 2019 þar sem lagðar voru fram fjórar tillögur til úrbóta. Sú fyrsta laut að nauðsyn þess að tryggja rekstrargrundvöll Íslandspósts ohf. til lengri tíma litið.

Tryggja þarf rekstrargrundvöll Íslandspósts ohf. til lengri tíma

Brýnt er að stjórnvöld bregðist við og tryggi rekstrargrundvöll innlendrar pósthjónustu í því breytilega umhverfi sem starfsgreinin býr við. Í þessu sambandi bendir ríkisendurskoðandi á þann möguleika í frumvarpi til nýrra heildarlaga um pósthjónustu að gera þjónustusamning við alþjónustuskylda aðila. Með fyrirhuguðu afnámi einkaréttar á hluta pósthjónustu er mikilvægt að stjórnvöld stuðli að fyrirsjáanlegu starfsumhverfi þeirra aðila sem starfa á þessu sviði, nú Íslandspósts ohf.

Í svörum sínum árið 2019 tók Íslandspóstur ohf. undir þá ábendingu að brýnt væri að tryggja rekstrargrundvöll pósthjónustu. Þá áréttaði félagið að við afnám einkaréttar, eins og fyrirhugað var með frumvarpi til nýrra póstlaga, væri afar þýðingarmikið að fyrir lægju skýrar leikreglur um fyrirkomulag póstdreifingar. Þannig þyrfti að liggja fyrir hvernig stjórnvöld hygðust tryggja pósthjónustu sem flutningsaðilar hefðu ekki forsendur til að sinna, hvernig verðlagningu þeirrar þjónustu yrði háttáð og hvernig standa skyldi undir kostnaði við að veita þjónustuna lögum samkvæmt. Þá taldi Íslandspóstur ohf. afar mikilvægt að þeim aðila sem falið væri að sinna alþjónustu yrði fyrir fram tryggð greiðsla, skv. eðlilegum viðskiptaskilmálum, til að standa undir kostnaði við þjónustuna, t.d. með gerð þjónustusamnings.

Enn fremur kom fram í svörum Íslandspóstshöfundur félagsins söknuðu úrræða frá stjórnvöldum og eftirlitsaðilum sem miðuðu að því að laga lög og reglugerðir að breyttu rekstrarumhverfi pósthjónustunnar. Þeim hefði ítrekað verið bent á að forsendur fyrir rekstri pósthjónustunnar væru brostnar og að fjárhagslegur grundvöllur til að halda uppi starfsemi í samræmi við rekstrarleyfi Íslandspóstshöfundur væri ekki lengur fyrir hendi. Það hefði m.a. verið gert með bréfum til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis auk þess sem tugir funda hefðu verið haldnir að frumkvæði Íslandspóstshöfundur með málsaðilum. Loks hefðu verið haldnir sérstakir hluthafafundir þar sem fjallað var um rekstrarskýrði og fjárhagsáætlun Íslandspóstshöfundur með tilliti til þess hvort réttlætánlegt væri að endurnýja rekstrarleyfi félagsins í ljósi þess að til þess kynni að koma að félagið gæti ekki staðið undir kostnaði við alþjónustuskýldu við óbreyttar aðstæður.

Þá kom fram í svörum Íslandspóstshöfundur að unnar hefðu verið skýrslur um stöðuna, t.d. greinargerð ráðgjafafyrirtækisins Expectus ehf. fyrir verkefnastjórn ríkisstjórnarinnar árið 2014 um rekstrarskýrði Íslandspóstshöfundur og skýrsla sem unnin var fyrir Íslandspóst af Copenhagen Economics og kom út í mars 2018. Af hálfu Íslandspóstshöfundur var þess vænst að efni síðarnefndu skýrslunnar gæti komið að gagni við mótnun reglna um framtíðarskipan pósthjónustu á Íslandi þar sem tillit væri tekið til kostnaðaráhrifa lögbundinnar þjónustu. Í skýrslunni var fjallað um þær leiðir sem stjórnvöld hefðu um að velja til að draga úr þyngjandi áhrifum alþjónustuskýldu á pósthfyrirtæki.

Í svörum sínum árið 2019 fagnaði stjórn Íslandspóstshöfundur skýrslu Ríkisendurskoðunar og sagði þörf á að yfirfara og uppfæra upplýsinga- og áætlánakerfi fyrirtækisins, einkum til að tryggja sem bestar stöðugreiningar, gagnaöflun og áætlánagerð. Leitað hefði verið til utanaðkomandi ráðgjafa varðandi margvíslega sérfræðiráðgjöf fyrir félagið. Loks hefði stjórn Íslandspóstshöfundur frumkvæði að því að leita utanaðkomandi ráðgjafar fyrir fyrirtækið varðandi rekstrarráðgjöf, greiningarvinnu, samskiptaáætlanir, tæknilausnir og útfærslu mismunandi sviðsmynda fyrir starfseminu sem nýtast mun stjórn og eigendum við ákvarðanatöku í því umbreytingarferli sem framundan væri.

Fjármála- og efnahagsráðuneyti tók í svörum sínum árið 2019 undir ábendingu Ríkisendurskoðunar um að gerður yrði þjónustusamningur um alþjónustuskýldur félagsins milli Íslandspóstshöfundur og fagraðuneytisins. Ráðuneytið lagði mikla áherslu á að markmið með gerð þjónustusamnings yrðu að á þeim vettvangi gætu aðilar með reglubundnum, vel skilgreindum og skilvirkum hætti náð saman um skilgreiningar á þörfinni fyrir viðkomandi þjónustu, alþjónustuhlutverki félagsins, og mati á þeirri alþjónustubyrði sem ríkið þyrfti að greiða fyrir, yfir viðeigandi samningstíma.

Varðandi ýmsar tillögur Ríkisendurskoðunar um leiðir til breytinga á rekstri félagsins taldi fjármála- og efnahagsráðuneyti eðlilegt að Íslandspóstshöfundur færi í gagngera endurskoðun á framtíðartækifærum og ógnum í markaðsumhverfi þess og ynni í framhaldinu með fagraðuneytinu, í gegnum þjónustusamning, og fulltrúa eiganda að því að tryggja sjálfbærán rekstur til framtíðar með sem minnstum framlögum úr ríkissjóði.

Í svörum sínum frá 2019 benti samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti (nú innviðaráðuneyti) á að þjónustusamningur kæmi aðeins til greina yrði frumvarp til nýrra heildarlaga um pósthjónustu að lögum.

Í svörum við eftirfylgni Ríkisendurskoðunar árið 2022 kom fram af hálfu Íslandspóstshf. að samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti hefði falið Póst- og fjarskiptastofnun að útnefna fyrirtæki með skyldu til að veita alþjónustu innan pósthjónustu hér á landi. Í samræmi við þau fyrirmæli hafi stofnunin falið Íslandspósthf., með bráðabirgðaákvörðun nr. 29/2019, að veita alþjónustu um allt land. Í framhaldi var birt samráðsskjal þar sem farið var yfir fjölmörg atriði sem tengdust alþjónustu og afmörkun hennar. Þessu ferli lauk með útnefningu Íslandspóstshf. sem alþjónustuveitanda á sviði pósthjónustu um land allt frá 1. janúar 2021 til 31. desember 2030.

Með þessari ákvörðun voru réttindi og skyldur félagsins tíundaðar en um leið komið til móts við það sjónarmið sem kom fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar að mikilvægt væri að stjórnvöld stuðluðu að fyrirsjáanleika í starfsumhverfi þeirra fyrirtækja sem starfa á þessum markaði. Fram kemur í svörum Íslandspóstshf. að ef farin hefði verið sú leið að gera þjónustusamning við félagið hefði hann orðið á sambærilegum nótum og fjallað er um í útnefningunni. Íslandspóstur ohf. hefur á grundvelli útnefningarinnar fengið tvisvar sinnum greitt úr ríkissjóði vegna þjónustu sem fyrirtækinu er skylt að veita og hefur það að einhverju leyti tryggt rekstrarstöðu Íslandspóstshf.

Fram kom í svörum fjármála- og efnahagráðuneytis við eftirfylgni Ríkisendurskoðunar 2022 að brugðist hafi verið við verulegum sjóðstreymisvanda Íslandspóstshf. með lánveitingum á fjárlögum 2018 og hlutfjárakningu í fjárlögum 2019. Þá leitaði ráðuneytið til ráðgjafa sem fór yfir stöðu félagsins auk þess sem nýr forstjóri var ráðinn til félagsins með það að markmiði að endurskipuleggja það. Að mati ráðuneytisins hefur sú vinna tekist vel þótt enn sé nokkur óvissa og áhætta í kortunum varðandi rekstur félagsins. Ráðuneytið telur að skoða þurfi vel hvort ekki sé kominn tími til að fella lög um flutning á bréfum og pósti saman að einhverju leyti. Loks kom fram að það hefði átt í samskiptum við innviðaráðuneyti (áður samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti) vegna málefna Íslandspóstshf.

Fram kom í svörum innviðaráðuneytis við eftirfylgni Ríkisendurskoðunar 2022 að það hefði falið Póst- og fjarskiptastofnun að útnefna Íslandspóst ohf. sem alþjónustuaðila. Þá benti ráðuneytið á að skyldur þess lægju fyrst og fremst í því að tryggja að hér væri rekin pósthjónusta með sem hagkvæmustum hætti í samræmi við þær alþjóðaskuldbindingar sem Ísland hefur undirgengist. Ráðuneytið hefði skoðað ýmsa möguleika, s.s. útboð, og málið væri enn til skoðunar.

Hvað hefur gerst: Póst- og fjarskiptastofnun hefur útnefnt Íslandspóst ohf. sem alþjónustuaðila á sviði pósthjónustu frá 1. janúar 2021 til 31. desember 2030. Kemur sú ákvörðun í stað sérstaks þjónustusamnings. Þá skoðar innviðaráðuneyti áfram hvernig best er að reka pósthjónustu með sem hagkvæmustum hætti í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar.

Önnur tillaga Ríkisendurskoðunar árið 2019 fjallaði um að móta þyrfti sérstaka eigandastefnu fyrir Íslandspóst ohf.

Móta þarf sérstaka eigandastefnu fyrir Íslandspóst ohf.

Mikilvægt er að stjórnvöld ráðist í mótun sérstakrar eigandastefnu fyrir Íslandspóst ohf. vegna síbreytilegra aðstæðna og sértækra áskorana í rekstrarumhverfi félagsins. Ríkisendurskoðandi telur ófullnægjandi að styðjast við almenna eigandastefnu ríkisins heldur þarf hún að vera sérstök eigi félagið á annað borð að vera áfram starfandi í opinberri eigu.

Fram kom í svörum Íslandspóst ohf. frá 2019 að stjórnendur hefðu frá stofnun unnið markvisst að því að móta félaginu ítarlega stefnu sem að jafnaði spannaði fimm ára tímabil. Hún hefði verið lögð til grundvallar við daglegan rekstur. Að mati Íslandspósts ohf. kynni það vissulega að draga úr ákveðinni óvissu ef fyrir lægi sérstök eigandastefna fyrir félagið sem unnt væri að taka mið af við framtíðarskipulag þess, stefnumótun og daglegan rekstur, og þar sem hlutverk og ábyrgð eiganda væru skýrð.

Varðandi umfjöllun um ábyrgðaskil stjórnar/stjórnenda og eiganda benti fjármála- og efnahagsráðuneyti í svörum sínum frá 2019 á að Íslandspóstur ohf. væri hlutafélag og því bæru stjórn/stjórnendur ábyrgð á starfsemi og rekstri gagnvart eiganda sínum. Þetta væri skýrt sett fram í eigandastefnu ríkisins fyrir hlutafélög og sameignarfélög. Félaginu bæri einnig að fara eftir þeim lögum sem um starfsemi þess gilda eins og önnur félög.

Fram kom í svörum fjármála- og efnahagsráðuneytis við eftirfylgni Ríkisendurskoðunar 2022 að ráðuneytið hafi gefið út endurskoðaða eigandastefnu fyrir ríkisfyrirtæki haustið 2021 og þar sé fjallað um ýmis mál sem hafa tengsl við vanda Íslandspósts ohf. Ráðuneytið telur ekki mikilvægt að birta eigandastefnu fyrir öll ríkisfyrirtæki þótt slíkt hafi verið gert fyrir sum þeirra. Telur ráðuneytið útgáfu almennrar eigandastefnu ná utan um helstu þætti sem lúta að viðmiðum á borð við stjórnarhætti, starfshætti, rekstur og upplýsingagjöf.

Hvað hefur gerst: Fjármála- og efnahagsráðuneyti gaf út endurskoðaða eigandastefnu ríkisins fyrir félög í eigu ríkisins haustið 2021 og telur hana nægja.

Þriðja tillaga Ríkisendurskoðunar árið 2019 fjallaði um að auka þyrfti eftirlit þannig að eftirlitsaðilar stunduðu forvirkt eftirlit út frá sameiginlegri heildarsýn.

Efla þarf eftirlit

Ríkisendurskoðandi leggur áherslu á að ráðuneyti og eftirlitsstofnanir túlki eftirlitsheimildir og -skyldur sínar gagnvart Íslandspósti ohf. með sama hætti og gagnkvæmur skilningur sé á hlutverki hvers og eins. Mikilvægt er að allir eftirlitsaðilar stundi forvirkt eftirlit út frá sameiginlegri heildarsýn.

Í svörum sínum árið 2019 taldi Íslandspóstur ohf. hugtakið „*Risk of regulatory failure*“ eiga sérstaklega við í þessu samhengi, þ.e.a.s. varðandi það að efla þyrfti eftirlit og eyða óvissu um túlkun lagaákvæðis um heimildir Póst- og fjarskiptastofnunar til að hafa eftirlit með fjárhagsstöðu rekstrarleyfishafa í pósthjónustu. Hugtakið fjallaði m.a. um hættuna á því að óskilvirkt regluverk leiði til óhagkvæmni. Íslandspóstur ohf. taldi augljóst að það væri á ábyrgð yfirvalda

að stuðla að skilvirkni regluverks og á ábyrgð eftirlitsaðila að hafa eftirlit með þeim vanköntum sem gildandi regluverk kynni að leiða af sér.

Hvað varðar samskipti og samráð við eiganda benti fjármála- og efnahagsráðuneyti á það í svörum sínum árið 2019 að við fá félög hefðu verið eins mikil samskipti og samráð og við Íslandspóst ohf. frá árinu 2012. Þar að auki hefði ráðuneytið á því tímabili látið gera tvær skýrslur um félagið, annars vegar 2014 um rekstrarvanda og mögulega framtíðarsýn og hins vegar 2018 um sjóðsstreymisgreiningu og áætlanakerfi félagsins.

Í svörum sínum við eftirfylgni Ríkisendurskoðunar 2022 tók Íslandspóstur ohf. undir nauðsyn þess að eftirlitsheimildir séu túlkaðar og skýrðar með sambærilegum hætti og að gagnkvæmur skilningur sé á hlutverki hvers og eins. Undir þetta tók innviðaráðuneyti (áður samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti) í svörum sínum frá 2022. Fjármála- og efnahagsráðuneyti taldi ekki ástæðu til að fjalla um þennan þátt umfram það sem kemur fram í svörum þeirra tengdum öðrum tillögum Ríkisendurskoðunar.

Hvað hefur gerst: Íslandspóstur ohf. og innviðaráðuneyti tóku undir ábendingu Ríkisendurskoðunar og eru sammála um að túlka eftirlitsheimildir með sambærilegum hætti.

Fjórða tillaga Ríkisendurskoðunar árið 2019 gat þess að ráðast þyrfti í frekari hagræðingar- aðgerðir innan Íslandspósts ohf.

Ráðast þarf í frekari hagræðingaraðgerðir

Að mati ríkisendurskoðanda er full ástæða til þess að ráðast í margvíslegar hagræðingaraðgerðir innan Íslandspósts ohf., einkum hvað varðar að sameina enn frekar dreifikerfi bréfa og pakka í þéttbýli. Brynt er að umfang starfsemi Íslandspósts ohf. sé metin með hliðsjón af síbreytilegu rekstrarumhverfi og áframhaldandi aðlögun að nútímapóstþjónustu.

Íslandspóstur ohf. mat það svo í svörum sínum árið 2019 að það væri grundvallaratriði í rekstri að unnt væri að aðlaga framkvæmd og kostnað við að veita þjónustu að eftirspurn á hverjum tíma. Forræði yfir afgerandi þáttum í rekstri Íslandspósts ohf., s.s. um verðlagningu einkaréttarbréfa og ákvörðun um margþætta hagræðingu í rekstri í tengslum við breytingar á skyldubundinni þjónustu, væri aftur á móti ekki á höndum félagsins heldur Alþingis, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og Póst- og fjarskiptastofnunar. Mikilvægt væri að hafa í huga að það myndi leiða til mikillar hagræðingar í rekstri félagsins að draga úr þeirri þjónustu sem eingöngu væri sinnt á grundvelli alþjónustuskuldunnar og ekki unnt að veita á viðskiptalegum forsendum.

Í svörum sínum tók Íslandspóstur ohf. enn fremur undir það að möguleikar við samnýtingu dreifikerfa gætu leitt til hagræðingar í vinnslu, dreifingu og afhendingu, enda væri sífellt verið að leita leiða til að samnýta dreifikerfi sem mest. Varðandi endanlega sameiningu dreifikerfa bréfa og pakka þá væri það niðurstaða félagsins að magn í bréfadreifikerfinu væri enn það mikið að ekki væri tímabært eða hagkvæmt að sameina það að fullu pakkadreifikerfi. Þá væri rétt að hafa í huga að sameining dreifikerfa bréfa og pakka hefði að hluta verið reynd áður en ekki skilað tilætluðum árangri þá. Með áframhaldandi fækkun bréfa mætti þó gera ráð fyrir því

að innan nokkurra ára yrði talið hagkvæmt að fækka afhendingarmöguleikum og sameina þessi kerfi, nema að aðrar lausnir komi til.

Íslandspóstur ohf. taldi einnig rétt að hafa í huga að mikil hagræðing hefði þegar náðst í bréfa-dreifikerfinu með notkun rafhjóla. Sú innleiðing væri meðal fjölmargra annarra aðgerða sem fylgt hefði verið eftir undanfarin ár og leitt til hagræðingar sem metin væri á yfir 2 ma. kr. árlega. Má þar nefna innleiðingu á svokölluðu XY-dreifikerfi, fækkun dreifingardaga í dreifbýli og þéttbýli, sameiningu dreifingarstöðva á höfuðborgarsvæðinu, aukna vélvæðingu við flokkun, fækkun afgreiðslustaða og styttingu afgreiðslutíma, samninga við samstarfsaðila og verktaka, breytingar við skráningu sendinga, breytingar í húsnæðismálum þannig að hagræðing hefði náðst í vinnslu auk annarra liða.

Íslandspóstur ohf. taldi að þau atriði til hagræðingar sem talin væru upp skýrslu Ríkisendurskoðunar væru meðal atriða sem undanfarin ár hefðu komið til framkvæmda hjá félaginu og að unnið væri að, eftir því sem hagkvæmt væri talið og fjárfestingar og afkastageta í hugbúnaðarþróun leyfðu. Íslandspóstur ohf. hefði í gegnum árin fylgst með og fengið upplýsingar um árangur annarra pósthjálta, einkum á Norðurlöndum, varðandi breytingar á vinnslu og hagræðingaraðgerðir. Þeir liðir sem vel hefðu gengið og væru taldir henta íslenskum aðstæðum hefðu verið teknir upp en ekki síður hefði verið leitast við að læra af reynslu annarra pósthjálta varðandi þau atriði sem síður hefðu gengið. Íslandspóstur ohf. benti hins vegar á að hagræðingaraðgerðir af þessu tagi dygðu ekki einar og sér hefðu stjórnvöld í hyggju að halda uppi pósthjálta sem ekki yrði veitt á viðskiptalegum forsendum. Þar þyrfti því að koma til breytingar á hjálta eða samningur um greiðslu fyrir slíka hjálta.

Í svörum sínum frá 2019 benti fjármála- og efnahagsráðuneyti á að í tengslum við umfjöllun um stefnu og framtíðarsýn þyrftu Íslandspóstur ohf., Póst- og fjarskiptastofnun og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti að ná saman um ákvörðun varðandi hjáltaustig innan alþjálta, verðlagningu hennar og mögulegar bætur fyrir alþjáltaubyrði. Ráðuneytið vonaðist til þess að með breyttum lögum og væntum hjáltaustusamningi yrði komið á umhverfi sem tæki á þeim markaðsumhverfissvanda sem Íslandspóstur starfar í. Það leysti hins vegar ekki stjórn og stjórnendur félagsins undan þeirri skyldu að setja félaginu stefnu, markmið og áætlanir. Að einhverju leyti í samráði við eiganda, en a.m.k. innan samþykktu félagsins, eigandastefnu og gildandi regluverks.

Í svörum Íslandspóst ohf. við eftirfylgni Ríkisendurskoðunar árið 2022 kemur fram að gripið hafi verið til mikilla hagræðingaaðgerða á tímabilinu 2019–22 með stuðningi fjármála- og efnahagsráðuneytis. Starfstöðvar voru t.d. 59 árið 2018 en 55 árið 2021. Á sama tímabili fækkaði stöðugildum úr 850 í 566. Í árshlutareikningi félagsins um mitt ár 2022 voru stöðugildin komin niður í 513. Þá var launahlutfall félagsins (laun sem hlutfall af heildartekjum) 70,1% árið 2018 en 60,7% árið 2021.

Tekjur lækkuðu úr um 8,7 ma. kr. í um 7,6 ma. kr. á tímabilinu en ástæða þessa er m.a. fækkun í bréfum. Hún nam um 52% milli árána 2018 og 2021. Aukning hefur orðið í þakkamagni en enn sem komið er hefur hún ekki náð að mæta að fullu tekjufalli bréfanna. Nefnir Íslandspóstur ohf. að ekki sé komin upp sú staða að tímabært eða hagkvæmt sé að sameina dreifikerfi bréfa og þakka í þéttbýli. Félagið tekur þó fram að með áframhaldandi fækkun bréfa megi gera ráð fyrir að innan nokkurra ára yrði talið hagkvæmt að fækka afhendingarmöguleikum og sameina kerfin, sé þess nokkur kostur.

Íslandspóstur ohf. tekur fram í svörum sínum til Ríkisendurskoðunar að árangur í rekstri hafi náðst þrátt fyrir að félagið hafi ekki fengið greitt fyrir þjónustu sem það telur sig eiga heimtingu á úr ríkissjóði, þ.e.a.s. þjónustu sem félagið innti af hendi á tímabilinu 2013–18 upp á tæpan 1,5 ma. kr., sbr. ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar.

Fram kom í svörum fjármála- og efnahagráðuneytis við eftirfylgni Ríkisendurskoðunar 2022 að hagræðingaraðgerðir Íslandspósts ohf. hafi leitt til þess að EBITDA félagsins hafi hækkað úr um 50 m.kr. árið 2018 í um 970 m.kr. árið 2021. Á sama tíma hafi tekjur dregist lítillega saman en rekstrarkostnaður lækkað úr 7,7 ma. kr. í 6,5 ma. kr. Ráðuneytið telur að vel hafi tekist til en engu að síður sé ljóst að enn ríki talsverð óvissa og áhætta í rekstri félagsins, ekki síst ef litið er á áframhaldandi þróun bréfapósts og markaða fyrir pakkaflutninga.

Hvað hefur gerst: Íslandspóstur ohf. hefur gripið til umtalsverðra hagræðingaraðgerða sem m.a. hafa skilað sér í lækkandi rekstrarkostnaði. Starfsstöðvum og stöðugildum hefur fækkað. Félagið telur þó enn ekki tímabært eða hagkvæmt að sameina dreifikerfi bréfa og pakka í dreifbýli.



Ríkisendurskoðun
Bríetartúni 7 – 105 Reykjavík
Sími 448-8800

postur@rikisendurskodun.is – www.rikisendurskodun.is